

Mars 2026



Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	3
<i>Bakgrunnur</i>	3
<i>Aðferð</i>	4
<i>Niðurstöður</i>	6
<i>Umræður</i>	9
<i>Lokaorð</i>	10
<i>Heimildaskrá</i>	11
<i>Fylgiskjöl</i>	12
Fylgiskjal 1	12
Fylgiskjal 2	16

Inngangur

Af hverju þessi rannsókn er til og afhverju skiptir hún máli?

Á vormánuðum 2025 kom Cathrine Chambers að máli við okkur í Grunnskóla Bolungarvíkur um áhugavert verkefni ProBlue. Ákveðið var að slá til og sækja um og verkefnið Hafíð okkar Blue Bolungarvík eða HOBb varð til. Verkefnið gekk út á að allir nemendur í Grunnskóla Bolungarvíkur myndu taka á einhvern hátt þátt í verkefninu. Þetta er ein aðferð til að borgarar fái tækifæri á að taka þátt í vísindalegri rannsókn. Einnig tækifæri til að vekja áhuga nemenda á náttúrunni og lífríkinu í sjónum. Með samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða fengu nemendur tækifæri á að fræðast um vísindaleg vinnubrögð.

Bakgrunnur

Hvað vitum við og hvað vantar okkur að vita?

Áður en við byrjuðum á verkefninu, vissum við að grjótkrabbi sé upprunalega frá Norður-Ameríku og að hann hafi fyrst fundist við Ísland árið 2006. Við vildum skoða hvort grjótkrabbi findist í Skálavík eða í höfninni í Bolungarvík.



Aðferð

Hvað gerðum við til að rannsaka það!

Settar voru krabbagildrur til að veiða krabba. Fyrst var farið með gildrur í Skálavík, en þar veiddist ekkert þar sem of mikið brim var, svo gildrurnar voru komnar upp í fjöru þegar vitjað var um þær. Þá var farið með gildrur í höfnina í Bolungarvík og má sjá staðsetningu á meðfylgjandi mynd.



Öflun gagna stóð yfir í október og nóvember 2025.

Notaðar voru krabbagildrur.



A person wearing a blue jacket and blue gloves is sorting through a catch of small fish in a pink bucket. Other pink buckets and a wire mesh trap are visible on the ground.

[illegible]

5



Niðurstöður

Hvað við fundum!


Það var mismikil veiði eftir staðsetningu á gildrunum og veiddist mest í gildru 1 (sjá Fylgiskjal 2). Ekki var tekin saman tölfraði fyrir hverja gildru, en sjá má þær upplýsingar í excel-skjalinu sem fylgir með skýrslunni.

Þrjár tegundir krabba veiddust og það voru trjónukrabbar, bogkrabbar og grjótkrabbar. Auka afli var beitukóngur, marhnútar og þorskur.



Nemendur í 6. og 7. bekk tóku saman tölfraði úr gögnunum sem safnað var og skráðu eftir dögum. Þar má sjá hversu margir krabbar veiddust af hverri tegund og hvernig kynjaskipting var í tegundinni.




Einnig voru teknar saman heildar upplýsingar yfir krabbana sem veiddust.






Nemendur skráðu ýmsar upplýsingar um krabbana á íslensku og pólsku.





Nemendur í 5. bekk teiknuðu myndir af kröbbum ásamt skýringamyndum hvernig má þekkja í sundur kynin.





Nemendur á yngsta stigi og á Mölum (5 ára deild) fengu tækifæri á að sjá krabba þegar komið var með krabba í fötu til að sýna þeim. Kröbbunum var síðan skilað aftur í sjóinn. Í framhaldi af því fengu nemendur á yngsta- og miðstigi að gera myndir og myndverk af kröbbum í myndmenntatímum (sjá Fylgiskjal 1).

Umræður

Hvað það þýðir og afhverju það skiptir máli? (mikilvægt að rökstyðja)

Hvaða gildra var með mestu gögnin? Af hverju höldum við það?

Í gildru 1 veiddist mest í. Við höldum að það sé vegna þess að þar er minnsti straumurinn í höfninni.

Myndum við breyta staðsetningu gildranna næst?

Við myndum vilja færa gildru 3 af Brjótnum og setja hana utaná garðinn við Grundargarð, til að kanna hvort það séu krabbar þeim megin við garðinn. Gaman væri að setja gildru 2 við ósa Hólsár til að kanna hvort krabbarnir haldi sig í ísöltu vatni.

Hvað gæti hafa haft áhrif á gögnin, veður, óhöpp (göt)...

Við teljum að sé mestur straumur við gildru 3 og það hafi áhrif á krabbana.

Hvað finnst okkur að ætti að gera næst?

Okkur finnst að það ætti að halda áfram að rannsaka krabbana í höfninni og á fleiri stöðum til að kanna útbreiðslu þeirra.

Hvað ætti Hafró að gera við þessi gögn?- Af hverju finnst okkur mikilvægt eða áhugavert að skoða krabbana í höfninni?

Við leggjum til að miðstig í Grunnskóla Bolungarvíkur haldi áfram rannsóknum á grjótkrabba í samstarfi við Háskóla Vestfjarða og Hafrannsóknarstofnun.

Lokaorð

Stutt samantekt og þakkir

Við erum búin að leggja krabbagildir bæði í Skálavík og í höfninni í Bolungarvík. Það var mikið brim í Skálavík svo gildirnar voru komnar upp í fjöru þegar farið var að vitja um þær. Í höfninni gekk betur en það veiddist mismikið eftir því hvar gildirnar voru.

Okkur fannst mjög gaman að vinna þetta verkefni. Í lokin viljum við nota tækifærið og þakka Cat og Unu Lilju í Háskólasetri Vestfjarða fyrir samstarfið og fræðsluna. Einnig viljum við þakka hafnaryfirvöldum í Bolungarvík fyrir að leyfa okkur að setja gildirnar og ráðleggingar með staðsetningu á þeim, Jakobi Valgeir ehf., Fiskmarkaði Vestfjarða hf. og Óliver Eyþóri Þórðarsyni, fyrir að útvega okkur fiska í beitu.

Heimildaskrá

Hér urðu mistök hjá kennurum þar sem nemendur voru ekki minntir á að halda utan heimildir sínar, en nemendur hafa lært um heimildir og kunna að skrá þær. Við vitum að nemendur notuðu leit í Google til að finna þær upplýsingar sem notaðar voru.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1



Mynd 1 Verkefni yngsta stig.



Mynd 2 Verkefni yngsta stig.



Mynd 3 Verkefni yngsta stig.



Mynd 4 Verkefni yngsta stig.




Mynd 5 Verkefni yngsta stig.



Mynd 6 Verkefni miðstig



Mynd 7 Verkefni miðstig



Mynd 8 Verkefni miðstígg.



Mynd 9 Verkefni miðstígg.

Fylgiskjal 2

HOBB verkefnið

Niðurstöður á veiðum í krabbagildrur í höfninni í Bolungarvík.

Dag	Gildra	Tegund	KK/KVK	stærð (mm)
9okt	1	grjótkrabbi	kvk	80
9okt	1	grjótkrabbi	kk	91
9okt	1	bogkrabbi	kk	78
9okt	1	bogkrabbi	kk	68
9okt	1	bogkrabbi	kk	63
9okt	1	bogkrabbi	kk	69
9okt	1	bogkrabbi	kk	62
9okt	1	bogkrabbi	kk	68
9okt	1	trjónukrabbi	kk	68
9okt	1	trjónukrabbi	kvk	57
9okt	1	litlutjónu	kk	61
9okt	1	bogkrabbi	kk	69
9okt	1	bogkrabbi	kk	62
9okt	1	bogkrabbi	kk	71
9okt	1	grjótkrabbi	kk	90
9okt	1	grjótkrabbi	kk	83
9okt	1	grjótkrabbi	kvk	75
9okt	1	trjónukrabbi	kk	62
9okt	1	trjónukrabbi	kk	61
9okt	2	grjótkrabbi	kk	82
9okt	2	grjótkrabbi	kk	82
9okt	2	bogkrabbi	kk	68

Dag	Gildra	Tegund	KK/KVK	stærð (mm)
30.okt	1	Bogkrabbi	kk	74
	1	Bogkrabbi	kk	69
	2	Grjótkrabbi	kk	76

Dag	Gildra	Tegund	KK/KVK	stærð (mm)
06.nóv	1	bogkrabbi	kk	69
06.nóv	3	bogkrabbi	kk	66

Dag	Gildra	Tegund	KK/KVK	stærð (mm)
13.nóv	1	rjónukrabbi	kvk	54
	1	grjótkrabbi	kk	101
	1	grjótkrabbi	kvk	9
	1	rjónukrabbi	kk	46
	1	bogkrabbi	kk	72
	1	Bogkrabbi	kk	70
	1	rjónukrabbi	kk	59
	1	grjótkrabbi	kk	51
	1	Bogkrabbi	kk	83
	2	ekkert	0	0
	3	bogkrabbi	kk	72

Dag	Gildra	Tegund	KK/KVK	stærð (mm)
20.nóv	1	bogkrabbi	kk	78
	1	bogkrabbi	kk	63
	1	grjótkrabbi	kk	97
	1	bogkrabbi	kk	63
	1	rjónukrabbi	kvk	46
	1	grjótkrabbi	kk	90
	1	bogkrabbi	kk	67
	1	rjónukrabbi	kvk	58
	1	rjónukrabbi	kvk	52
	1	bogkrabbi	kk	66
	1	bogkrabbi	kk	67
	3	grjótkrabbi	kk	85